



Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum 2023-2026

Kynning fyrir Fjölmeningarráði 29.08.2023





Aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum



Samþykkt á fundi [Borgarstjórnar](#)
[20. júní 2023](#).

Áætlunin byggir á **mannréttindastefnu borgarinnar** og annarri samþykktri stefnumörkun borgarinnar sem og þeim lagalegu kröfum við sem þurfum að uppfylla skv. **lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lögum um stjórnslu jafnréttismála, lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði og lögum um jafna meðferð utan vinnumarkaðar.**



Ferlið

Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð ber ábyrgð á stefnumótun á sviði mannréttinda- og ofbeldisvarnarmála og fer með jafnréttismál borgarinnar.

Ráðinu ber að vinna aðgerðaáætlun í mannréttindamálum skv. mannréttindastefnu borgarinnar en einnig þarf sveitarfélagið að setja sér áætlun um jafnréttismál að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála.

Vinna við áætlunina hófst í janúar 2023 með stofnun starfshóps með það hlutverk að vinna drög að áætlun borgarinnar um jafnréttis- og mannréttindamál fyrir kjörtímabilið.

Starfshópurinn hélt vinnufundi með Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði, Mannauðs- og starfsumhverfissviði, Skóla- og frístundasviði, Menningar- og íþróttasviði og Velferðarsviði. Starfshópurinn vann úr öllum þeim tillögum sem komu fram á vinnufundunum.



Margþætt hlutverk borgarinnar

Í áætluninni eru sett fram markmið og aðgerðir til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum á fjórum megin sviðum sem endurspeglar hið margþætta hlutverk og skyldur borgarinnar.



Reykjavík sem stjórnvald (26)



Reykjavík sem atvinnurekandi (25)



Reykjavík sem veitandi þjónustu (54)



Reykjavík sem samstarfsaðili og verkkaupi (3)

= 108

Kyn, hinseginleiki,
fötlun, skert
starfsgeta, heilsufar,
uppruni, stétt,
þjóðerni, aldur, trú,
lífsskoðun, holdafar,
líkamsgerð o.s.frv.



Viðvarandi aðgerðir

- Reykjavíkurborg stendur framarlega þegar kemur að jafnréttis- og mannréttindamálum.
- Margar aðgerðanna eru viðvarandi verklag sem hefur verið innleitt og er í stöðugri endurskoðun.



t.d. fræðsla um ákveðin málefni til starfsfólks, stjórnenda og kjörinna fulltrúa, jafnlaunamál, verklag varðandi ofbeldi og áreitni, virk samstarfsverkefni og samningar, reglulegar úttektir, kynjuð fjárhags- og starfsáætlun og regnbogavottun.



Þjónusta við innflytjendur

Markmið	Aðgerðir	Tímarammi
Reykjavík sé fjölmenningsborg.	Búa til stafræna fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um notkun túlka sem og hvaða leiðir megi nota í samskiptum við þjónustuþega sem eru innflytjendur.	2024
	Vinna með hópi sérfræðinga innan borgarinnar sem hafa sérþekkingu á málefnum innflytjenda til að mæta betur þörfum þeirra.	Ársfjórðungslega
	Þróa verkferla um viðbrögð ef athugasemd berst vegna hatursorðræðu eða mismununar og búa til stafræna fræðslu fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar um hatursorðræðu.	Viðvarandi
	Veita félagasamtökum innflytjenda og þjóðarhópum fræðslu um þjónustu Reykjavíkurborgar og réttindi og skyldur.	Viðvarandi
	Þjóða nýjum íbúum af erlendum uppruna fræðslu í hverfum með aðkomu miðstöðva; dreifa bæklingnum Velkomin til Reykjavíkur.	Viðvarandi
	Nota samfélagsmiðla á ensku og pólsku til að miðla upplýsingum til erlendra íbúa.	Viðvarandi
Styðja við flóttafólk og innflytjendur.	Búa til stafræna fjölmenningsfræðslu fyrir stjórnendur og starfsfólk Reykjavíkurborgar.	2023
	Taka saman upplýsingar um árangursrík verkefni sem varða fjölmenningu í Reykjavík í því augnamiði að gera þau sýnilegri.	Viðvarandi
	Tryggja fræðslu og fræðsluefni um uppeldi barna á Íslandi fyrir fjölskyldur sem flytja til Reykjavíkur.	Viðvarandi
	Framkvæma ítarlega greiningu á þjónustu fyrir flóttafólk í Reykjavík út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum.	2024



Nokkrar aðrar aðgerðir

Markmið	Aðgerðir	Tímarammi
Samstarf og samvinna á sviði mannréttindamála sé traust og vitund borgarbúa um mannréttindamál efl.	Taka þátt í samstarfi Rainbow Cities Network, ICORN, Intercultural Cities Network og Nordic Safe Cities.	Viðvarandi
Fordómalaust borgarsamfélag byggt á inngilding.	Skipuleggja og halda fjölmeningarþing Reykjavíkurborgar.	Annað hvert ár
	Vinna með samstarfsvettvangi Reykjavíkurborgar og trú- og lífsskoðunarfélaga.	Tvisvar á ári
	Móta stefnu um fjölmeningarborgina Reykjavík í samvinnu við öll svið borgarinnar, borgarbúa og aðra hagaðila, með inngilding að leiðarljósi.	2023-2024
	Veita fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk borgarinnar um fjölmeningarfærni og hvers kyns mismun.	2023-2025
Fjölbreytni samfélagsins endurspeglar í ráðum, nefndum og stjórnnum borgarinnar.	Hvetja flokka, í aðdraganda kosninga, til að láta framboðslista endurspegla fjölbreytileika borgarsamfélagsins.	Fyrir kosningar
Aldrað fólk/ fatlað fólk fái þjónustu sem er sniðin að þeirra þörfum.	Skoða hvort þjónusta við aldrað fólk/ fatlað fólk taki mið af ólíkum þörfum fólks eftir m.a. kyni, uppruna og hinseginleika.	2023
Eldri borgarar og aðstandendur þeirra þekki þjónustu í boði.	Búa til fræðsluefni „Að eldast í Reykjavík“ um þjónustu fyrir eldri borgara í Reykjavík á mörgum tungumálum.	2024
Þekking sé til staðar um stöðu fatlaðs fólks sem notar þjónustu borgarinnar.	Útbúa fræðslu um margþætta mismun t.d. vegna fatlaðra þjónustunotenda af erlendum uppruna og hinsegin fatlaðs fólks.	2023-2024



Eftirfylgni og endurskoðun

Áætlunin er virkt skjal og verður endurskoðuð reglulega.

- Farið yfir stöðu aðgerða með ábyrgðaraðilum reglulega.
- Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð upplýst um stöðuna.
- Staða aðgerða aðgengileg á vef borgarinnar.
- Staða áætlunar kynnt í Borgarstjórn árlega.

Það gefast því tækifæri á gildistímanum til að **bæta við aðgerðum** eftir því sem áætluninni vindur fram, og til að bregðast við stöðunni eins og hún er á hverjum tíma.





Reykjavík